



SEYÐISFJARÐARKAUPSTAÐUR

Kt. 560269-4559 – Sími: 470 2300 – Fax: 472 1588
Pósthólf 15 – Hafnargata 44 – 710 Seyðisfjörður
Netfang: sfk@sfk.is – Veffang: www.seydisfjordur.is

Alþingi
Erindi nr. P 143/751
komudagur 23.12.2013

Seyðisfirði 19. desember 2013

Alþingi
b.t. nefndasviðs Alþingis
Alþingi við Austurvöll
150 Reykjavík

Efni: Útskrift úr fundargerð 2273. fundar bæjarráðs Seyðisfjarðarkaupstaðar 18.12.2013.

Eftirfarandi fært til bókar:

Miðvikudaginn 18.12.13 kom bæjarráð Seyðisfjarðar saman til fundar á skrifstofu bæjarins að Hafnargötu 44. Fundurinn hófst kl. 16:00.

Mætt: Guðrún Katrín Árnadóttir, Margrét Guðjónsdóttir, Þórunn Hrund Óladóttir og Vilhjálmur Jónsson sem ritaði fundargerð.

11. Umsögn um þingmál 197. **Lögð fram drög að umsögn um þingsályktunartillögu um seinkun klukkunnar og bjartari morgna. Bæjarstjóra falið að senda Alþingi umsögn bæjarráðs um tillöguna.**

Ofangreind niðurstaða bæjarráðs Seyðisfjarðarkaupstaðar tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt,
BÆJARSKRIFSTOFAN

Vilhjálmur Jónsson



SEYÐISFJARÐARKAUPSTAÐUR

Kt. 560269-4559 • Sími 470 2300 • Fax 472 1588
Pósthólf 15 • Hafnargata 44 • 710 Seyðisfjörður
Netfang: sfk@sfk.is • Veffang: www.seydisfjordur.is

Seyðisfirði 19. desember 2013

Alþingi
b.t. nefndasviðs Alþingis
við Austurvöll
150 Reykjavík.

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um seinkunn klukkunnar og bjartari morgna. 197. mál.

Vísað er til tillögu og greinargerðar um seinkun klukkunnar og bjartari morgna þingskjal nr. 245 – 197. mál.

Tillagan er í þveröfuga átt við það sem Seyðfirðingar hafa óskað eftir sem er sumartími sem gengur út á að flýta klukkunni eins og víða er gert t.d í USA og Evrópu. Þá yrði birtutími lengra fram á kvöldin og fólk notið sólar lengur yfir sumartímann. Í umhverfi eins og á Seyðisfirði á þetta einkum vel við þar sem fjörðurinn er umgirtur háum fjöllum. En með flýtingu klukkunnar gæti fólk notið sólar til um það bil 19:30 yfir hásumarið. Þá er jafnframt vísað til að staða Íslands myndi samræmast að þessu leyti næstliggjandi heimshlutum með margvíslegum hagsbótum fyrir atvinnu og mannlíf.

Tillaga Bjartrar framtíðar gengur út á breyta tímanum allt árið þannig að okkar tími verði nær því sem hnattstaða okkar segir til um. Það þýddi að það myndi birta fyrr á morgnanna miðað við klukkuna og það myndi dimma fyrr á kvöldin. Sólin hjá okkur hér á Seyðisfirði væri horfin á bak við fjöllin 17:30 á besta tíma sumarsins ef þeirra tillaga næði fram að ganga.

Bæjarráð Seyðisfjarðar telur tillöguna ekki þjóna hagsmunum Seyðisfjarðar og reyndar landsins og mælir með því að hugað verði að upptöku sumartíma eins og áður hafa verið fluttar tillögur um á Alþingi.

Virðingarfyllst,

Vilhjálmur Jónsson bæjarstjóri